

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2020. Efnaleifaáætlun byggir á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum, öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínunum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og drykkjarvatni og fódri búfjár.

Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn sjá um allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin í nær öllum sláturhúsum við slátrun. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum. Þvagsýni voru tekin á nautgripa- og svínabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Einnig voru tekin sýni úr drykkjarvatni og fódri nautgripa, svína og alifugla til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum. Sýni úr fiskeldi voru flest tekin við slátrun og vinnslu en nokkur sýni voru tekin á fyrri eldisstigum til að leita að vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Þá voru einnig tekin sýni af hreindýralifur.

Alls voru tekin 1.714 opinber sýni sem voru rannsökuð á viðurkenndum rannsóknastofum erlendis. Niðurstöður rannsókna eru skoðaðar og rýndar þegar þær berast. Niðurstöður ársins 2020 voru flestar undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem viðurkenndar rannsóknastofur nota eða undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Þó voru 10 sýni sem gáfu niðurstöður sem urðu til þess að farið var í eftirfylgni, gögn um sýnin rýnd og/eða ástæðu leitað.

Sýni yfir hámarksgildum (MRL/ML):

- Efnid thiouracil greindist í fimm nautgripasýnum og tveimur sauðfjársýnum. Gildin voru öll, nema eitt, undir ráðlögðum styrk ($RC < 10 \mu\text{g/L}$) og öll undir ráðlögðum styrk EURL ($RC < 30 \mu\text{g/L}$). Leifar af thiouracil er að öllum líkindum hægt að rekja til fóðrunar á jurtum af krossblómaætt, t.d. grænkáli, gulrófum og repju.
- Efnin zeranol og taleranol greindust í einu nautgripasýni. Leifar af efnunum má að öllum líkindum rekja til myglaðs fóðurs og átti það við í þessu tilfelli (eftirfylgnisýni af fódri).
- Díoxín greindist yfir leyfilegu hámarksgildi í eggjasýni. Farið var í eftirfylgni þar sem og orsaka þess að efnaleifar voru yfir hámarksgildum leitað. Egg frá viðkomandi eggjabúi voru innkölluð og dreifing þeirra stöðvuð. Tekin voru tvö eftirfylgnisýni með rúmlega eins mánaða millibili, reyndist fyrra sýnið enn yfir hámarksgildi en það síðara undir hámarksgildi. Dreifing eggja frá eggjabúinu var leyfð á ný eftir að gildi díoxíns í eggjunum var komið undir leyfilegt hámarksgildi.
- Efnid fenbendazole greindist yfir leyfilegu hámarksgildi í einu sauðfjársýni. Farið var í eftirfylgni þar sem var aflað upplýsinga um lambið og býlið sem það kom frá og orsaka þess að efnaleifar voru yfir hámarksgildum leitað. Lambið hafði verið ormahreinsað skömmu áður en það fór til slátrunar og afurðanýtingafrestur ekki virtur.

Efnaflokkur	Efni	Hlutfall sýna með efnaleifar undir leyfilegum mörkum									Alls
		Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Mjólk	Egg	Hreindýr	
Vaxtarstýriefni og óleyfileg efni		90,0%	100,0%	97%	100%	100%	100,0%	100%	100%	0%	98,5%
A1, A3, A4	Stilben, sterar og RAL	9/10	3/3	14/14	2/2	30/30	38/38	0	0	0	99,0%
A2	Efni með skjaldkirtilsheftandi virkni	5/10	3/3	12/14	2/2	0	0	0	0	0	75,9%
A5	Beta-örvar	28/28	9/9	15/15	2/2	40/40	0	0	0	0	100%
A6	Klórampenikól, nítróímídasól og nítrófúran	12/12	3/3	15/15	2/2	42/42	77/77	80/80	95/95	0	100%
Dýralyf og mengunarefni		100%	100%	100%	100,0%	100%	100,0%	100%	100%	100%	99,8%
Sýklalyf		100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	0%	100%
B1	Sýklalyf	14/14	12/12	82/82	6/6	36/36	60/60	80/80	80/80	0	100%
Önnur dýralyf		100%	100%	99%	100%	100%	100,0%	100%	100%	0%	99,8%
B2a	Sníklalyf	2/2	2/2	59/60	8/8	9/9	60/60	20/20	0	0	99%
B2b	Hníslalyf	1/1	1/1	10/10	1/1	34/34	0	0	95/95	0	100%
B2c	Karbamat og píretróíð	3/3	1/1	5/5	1/1	6/6	24/24	10/10	21/21	0	100,0%
B2d	Róandi lyf	2/2	1/1	10/10	2/2	0	0	0	0	0	100%
B2e	Bólgueyðandi lyf (NSAIDs)	5/5	4/4	20/20	4/4	6/6	0	60/60	0	0	100%
B2f	Barksterar	3/3	0	0	0	0	0	20/20	0	0	100%
Önnur efni og aðskotaefni		100%	100%	100%	100,0%	100%	100%	100%	98%	100%	99,7%
B3a	Lífræn klórsambönd	2/2	1/1	10/10	5/5	4/4	20/20	12/12	35/36	0	98,9%
B3b	Lífræn fosfórsambönd	3/3	1/1	5/5	1/1	6/6	24/24	10/10	21/21	0	100%
B3c	Kemísk frumefni:										
	Pb, Cd	0	0	0	0	7/7	0	0	21/21	10/10	100%
	Pb, Cd, Hg, As	2/2	2/2	20/20	5/5	0	22/22	12/12	0	0	100%
B3d	Sveppaeitur	1/1	2/2	10/10	1/1	4/4	22/22	16/16	0	0	100%
B3e	Litarefni	0	0	0	0	0	22/22	0	0	0	100%
B3f	Önnur efni	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
Fjöldi Sýna		98	45	290	44	224	345	310	348	10	1714